

44

31. maí

4. gr.

Aftan við 3. gr. bætist nýr liður:

- d. Dansleikar skóla, annara en dansskóla, og skólafjelaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og sju fyrir nemendur og kennara eina, ásamt gestum þeirra.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 40, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Magnús Guðmundsson.*

45

31. maí

**LÖG**

um

**heimild fyrir dómsmálaráðherra til þess að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg, .

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita „Hestamannafjelaginu Fáki“ í Reykjavík leyfi til 5 ára í senn til þess að reka veðmálastarf-

semi í sambandi við kappreiðar, með skilyrðum, er ákveðin verði í **45** reglugerð. Áskilja skal í reglugerðinni, að 10% af hagnaði fjelagsins 31. maí af starfsemi þessari skuli varið til reiðvegjar Reykvíkinga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Magnús Guðmundsson.*

**LÖG**

um

**samþykkt á landsreikningnum 1925.**

**46**

31. maí

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láanborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
I. Tekjur:		
1. Fasteignaskattur .....	215000,00	235182,30
2. Tekju- og eignarskattur .....	800000,00	2108926,91
3. Aukatekjur .....	280000,00	436760,64
4. Erfðafjárskattur .....	30000,00	37089,65
5. Vitagjald .....	195000,00	392470,87
Flyt ....	1520000,00	3210430,37